

Nd.

352. Frumvarp til laga

[246. mál]

um breytingu á lögum nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. des.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Ríkismat sjávarafurða heyrir undir sjávarútvegsráðherra og lýtur stjórn hans. Hlutverk stofnunarinnar er að stuðla að bættum hráefnis- og vörugæðum með því að hafa eftirlit með fiski sem veiddur er úr sjó til manneldis, svo og eftirlit með meðferð, flutningi, geymslu og vinnslu hans sem og útflutningi fiskafurða.

2. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna falli niður.

3. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Ferskfiskdeild skal hafa eftirlit með meðferð, löndun, geymslu og ástandi landaðs afla allt til þess að vinnsla hefst.

4. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Rísi ágreiningur milli fiskkaupenda og seljenda um gæðaflokkun fisks má leita úrskurðar Ríkismats sjávarafurða um þann ágreining.

Yfirfiskmatmenn úrskurða um slíkan ágreining og greiðist kostnaður af slíku mati af fiskkaupendum og seljendum samkvæmt gjaldskrá Ríkismatsins.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987.